

# Dæmi um uppsetningu á dagskrá vegna náms- og kynnisferða

## Dagskrá námsferðar leikskóla til Brighton. 25. ágúst - 28. ágúst 2016

### Fimmtudagurinn 25. ágúst

Kl. 04.15 Brottför frá leikskóla.  
Kl. 07.45 Flug til London.  
Kl. 12.45 Rúta til Brighton.  
Kl. 14.00 Mæting á hótelið.

**Kl. 16.00-19:00 Heimsókn til <Nafn leikskóla sem heimsóttur er>. Fræðsla verður um barnabækur og hvernig megi nýta þær í starfi með börnum til að auka færni þeirra í læsi. Þetta passar vel við stefnu okkar þar sem læsi er einn af aðaláhersluþáttum í starfi leikskólans. (3 tímar)**

Kl. 20.30 Komið til baka á hótelið - frjáls tími.

### Föstudagurinn 26. ágúst

Kl. 8.00 Morgunmatur.

**Kl. 10.00-15.00 Mæting á <nafn fræðsluaðila hér> þar sem verður kennt að segja sögur með tölustöfum í aðalhlutverki og einnig verður kynning á kubbasetti fyrir eldri börn. Eldað verður saman í hádeginu og er það hluti af fræðslunni að elda úti. Eftir það munum við læra inn á náttúruna, kveikja eld með stækkunargleri og búa til vatnshelt skýli úr efni úr skóginum. (5 tímar)**

Kl. 16.45 Komið til baka á hótelið.  
Kl. 16.45 Frjáls tími.

### Laugardagurinn 27. ágúst

Kl. 8.00-10.00 Morgunmatur.

**Kl. 10.00-12.00 Heimsókn á safnið <nafn á safni> þar sem við fáum leiðsögn og fyrirlestur um gerð leikbrúða og mun þessi fyrirlestur standa í 2 klukkutíma. Markmið þessarar heimsóknar er að öðlast dýpri þekkingu á notkun leikbrúða í starfi með börnum í tengslum við framsögn og leikræna tjáningu en það tengist málörvun og læsi. (2 tímar)**

Kl. 12.00 Farið til baka á hótelið. Frjáls tími.  
Kl. 20.00 Sameiginlegur kvöldmatur.

### Sunnudagurinn 28. ágúst

Kl. 09.00 Brottför.

#### Tímar sem teljast ekki með við skoðun dagskráar:

- Ferðir til og frá heimsóknum
- Matartímar - nema ef matartími sé hluti af dagskrá
- Skemmtidagskrá

*Athugið að ef það er mismunandi eftir einstaklingum hvaða dagskráliði hver og einn sækir þá þarf að tilgreina það fyrir hvern og einn einstakling.*